

AUGLÝSING

um varnir vegna hundapestar á Suðurlandi og í nágrenni Reykjavíkur.

Þar sem hundapestar hefur orðið vart á Suðurlandi og í nágrenni Reykjavíkur, skulu allir hundaeigendur á svæðinu frá Botnsá í Hvalfirði og austur að Mýrdals-sandi gæta þess að halda hundum sínum heima, forðast að þeir hafi samgang við aðra hunda og hafa þá ekki með sér utan heimilis.

Úr þessum landshluta má ekki flytja hunda til annarra staða á landinu, og þangað má ekki flytja hunda nema með leyfi sýslumanns eða bæjarfógeta.

Hreppstjórar og bæjarfógetar skulu sjá um, að öllum hundum, sem sýkt hafa eða sýkjast af hundapest, verði lógað án tafar og hraein grafin. Sama máli gegnir um alla flækingshunda.

Að öðru leyti skal fylgja ákvæðum reglugerðar frá 7. október 1966, um varnir gegn útbreiðslu hundapestar.

Auglýsing þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 16, 31. janúar 1952 um breyting á lögum nr. 11 23. apríl 1928, um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins, og varða brot sektum samkvæmt þeim lögum.

Landbúnaðarráðuneytið, 21. október 1966.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um möskvastærðir botnvörpunetja og lágmarksstærðir fisktegunda.

1. gr.

Á hafsvæðinu norðan línu, sem hugsast dregin frá strönd Noregs eftir 66° n.br., að 10° v.lgd., þaðan suður að 62° n.br., þaðan vestur að 28° v.lgd., þaðan suður að 59° n.br. og þaðan vestur að 42° v.lgd., skal lágmarksstærð möskva vera sem hér segir:

- a. Í botnvörpunetjum, sem búin eru til úr bómull, mjúktrefjahampi eða gervi-efnum (polyamide, polyester), skal lágmarksstærð möskva vera slík, að þegar möskvi er teygður horna á milli eftir lengd netsins, komist flöt mælistika, 120 mm breið og 2 mm þykk, auðveldlega í gegn, þegar netið er vott.
- b. Í botnvörpunetjum, sem búin eru til úr öðrum efnum, skal lágmarksstærð möskva vera slík, að þegar möskvi er teygður horna á milli eftir lengd netsins, komist flöt mælistika, 130 mm breið og 2 mm þykk, auðveldlega í gegn, þegar netið er vott.

2. gr.

Á öðrum hafsvæðum en um getur í 1. gr. og alþjóðasamningurinn frá 5. apríl, 1946 um möskvastærð fiskinetja, tekur til, skal lágmarksstærð möskva vera sem hér segir: